



Reglur um lengda viðveru fyrir fötluð börn og ungmenni

1gr. Lagagrundvöllur

Reglur Vestmannaeyjabæjar um lengda viðveru fyrir fötluð börn grundvallast á 16. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Auk leiðbeininga ráðherra fyrir sveitarfélög varðandi framkvæmd frístundaþjónustu en sveitarfélögum er skylt að bjóða fötluðum börnum og ungmennum upp á frístundaþjónustu eftir að reglubundnum skóladegi þeirra lýkur.

Jafnframt er tekið mið af þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem íslensk stjórnvöld hafa gengist undir, einkum samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.

2.gr. Markmið og markhópur

Lengd viðvera er ætluð fötluðum börnum og ungmennum sem falla undir fötlunarflokk 1, 2 og 3 hjá Tryggingastofnun ríkisins. Þjónustan er ætluð börnum frá 10-18 ára en 18-20 ára ungmenni geta sótt um lengda viðveru í Heimaey virkni og hæfingastöð.

Tryggja skal samfellda þjónustu yfir daginn þar sem markmiðið er að vinna gegn félagslegri einangrun fatlaðra barna og ungmenna. Bjóða skal upp á innihaldsríkt frístunda- og tómstundastarf í öruggu og skapandi umhverfi þar sem starfshættir einkennast af frjálsum leik og vali með það að markmiði að efla félagsfærni og sjálfstæði. Þjónustan á að mæta þörfum fjölskyldunnar meðan börn stunda grunn- og framhaldsskóla.

3.gr. Ábyrgð á þjónustunni

Fjölskyldu- og tómstundaráð ber ábyrgð á þjónustunni. Verkefnastjóri æskulýðs- og tómstundamála sveitarfélagsins ber ábyrgð á framkvæmd þjónustunnar í samstarfi við framkvæmdastjóra sviðs og í samvinnu við aðra starfsmenn sviðsins. Ábyrgð á framkvæmd felst m.a. í því að ráða starfsfólk og skipuleggja starfsemina og rekstarform með samþættingu skóla, frístundastarfs og þarfir notenda að leiðarljósi.



4.gr. Hverjir eiga rétt á lengdri viðveru

Lengd viðvera er ætluð börnum og ungmennum með staðfesta fötlunargreiningu sbr. 3. gr. sem skerðinga sinna vegna geta ekki verið ein heima eftir að skóladegi lýkur.

Til þess að eiga rétt á þjónustunni þurfa notendur að uppfylla öll eftirfarandi skilyrði og leggja fram gögn því til stuðnings eftir því sem við á:

- a. Eiga lögheimili í Vestmannaeyjum.
- b. Vera barn í 5. - 10. bekk í grunnskóla eða ungmenni í framhaldsskóla.
- c. Að fötlun hafi verið greind hjá viðurkenndum greiningaraðilum.
- d. Að mat á heildrænni þjónustupörf sýni þörf barnsins fyrir þjónustuna.

5. gr. Umsókn og fylgigögn

Sótt er um lengda viðveru rafrænt í gegnum íbúagátt á heimasíðu sveitarfélagsins eða á þar til gerðu eyðublaði í þjónustuveri fjölskyldu- og fræðsluviðs. Starfsmenn sviðsins geta aðstoðað umsækjanda við umsóknarferlið ef þörf er á.

Með umsókn skulu fylgja nauðsynleg gögn til þess að meta umsóknina eftir því sem við á s.s:

- ☐ Gilt umönnunarmat
- ☐ SIS mat
- ☐ Staðfesting á fötlun frá viðurkenndum greiningaraðilum

Fjölskyldu og fræðsluviði er heimilt að óska eftir frekari gögnum sem varða umsóknina ef þörf er á. Hafi umsækjandi ekki skilað viðeigandi gögnum innan 30 daga frá umsóknardegi er umsókn hans synjað. Þetta gildir þó ekki í þeim tilvikum þegar töf á skilum á gögnum má rekja til annarra aðila en umsækjanda.

6. gr. Afgreiðsla umsóknar

Umsókn um þjónustu fyrir næsta skólaár skal skila inn fyrir 25. maí ár hvert. Þverfaglegt teymi Fjölskyldu- og fræðsluviðs metur og afgreiðir umsóknir sem berast. Ákvörðun um þjónustu er byggð á einstaklingsmiðuðu mati út frá umsókn og þeim gögnum sem aflað er.



Mat á stuðningsþörf skal unnið í samvinnu við forsjáraðila og eftir atvikum ungmenni eða barni, enda sé slíkt mat skilgreint sem hluti af skilvirku notendasamráði. Við matið er m.a. litið á fötlun, umönnunarþyngd, aldur umsækjanda, fjölskylduaðstæður og aðra þjónustu sem fjölskylda fær.

Umsækjendur fá svar um afgreiðslu umsóknar innan fjögurra vikna frá því að umsókn berst.

7.gr Þjónustutími

Lengd viðvera tekur við af almennri frístundþjónustu grunnskóla og henni lýkur þegar viðkomandi lýkur framhaldsskóla. Þjónustan skal veitt eftir að reglubundnum skóladegi lýkur alla virka daga til kl. 16:00 fyrir börn á aldrinum 10-18 ára en til 15.00 fyrir 18-20 ára ungmenni. Þegar vetrarfrí er í skólanum, á skipulagsdögum og á foreldraviðtalsdögum er lengd viðvera opin frá kl. 8-16 fyrir 10-18 ára og frá 9-15 fyrir 18-20 ára ungmenni. Yfir sumartímenn er boðið upp á lengda viðveru út frá einstaklingsmiðuðu mati. Gert er ráð fyrir að þjónustuþegar taki að minnsta kosti fjögurra vikna sumarfrí.

8.gr. Gjaldtaka

Greitt er samkvæmt gjaldskrá sveitarfélagsins sem finna má á heimasíðu Vestmannaeyjabæjar.

9.gr. Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklings skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Vinnsla mála og varðveisla gagna byggist á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi nema að fengnu samþykki viðkomandi. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.



10.gr. Rangar eða villandi upplýsingar

Þjónustan sem veitt er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hendi þess er aðstoðina fær er í öllum tilfellum endurskoðuð og samningum rift ef þurfa þykir.

11.gr. Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Þverfaglegt teymi fjölskyldu- og fræðsluviðs hefur umboð til að taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum.

12.gr. Málskotsréttur

Telji umsækjanda á rétt sinn hallað skv. reglum þessum er honum heimilt að áfrýja niðurstöðunni til fjölskyldu- og tómstundaráðs skriflega innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um niðurstöðuna. Fjölskyldu- og tómstundaráð skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

Umsækjandi getur kært ákvörðun fjölskyldu- og tómstundaráðs Vestmannaeyja til Úrskurðanefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því umsækjanda var tilkynnt ákvörðun.

13.gr. Endurskoðun reglna og gildistími

Reglur þessar skulu endurskoðaðar árlega og taka gildi nú þegar. Samþykkt í fjölskyldu og tómstundaráði þann 11.11.2025 og staðfest í bæjarstjórn þann 25.11.2025